

Mál nr. 267/2019**M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda vegna vinnuslyss.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 20. ágúst 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-18.

Bréf V, dags. 23. ágúst 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var M, starfsmaður bensinstöðvarinnar A, að vinna við að losa járnhlemm, einskonar ræsislok, ofan af olíuskilju hinn 21.5.2018, þegar hlemmurinn féll á tá hans. Fram kemur í sjúkrasögu M að stóratá hans hafi tvíbrotnað við slysið og að hann fyndi enn fyrir afleiðingum þess rúmlega 10 mánuðum síðar. Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins með skriflegri tilkynningu, dags. þann 28.5.2018. Samkvæmt áletrun á tilkynningunni var hún þó ekki móttækin fyrr en hinn 3.7.2019, tæpum tveimur mánuðum eftir slysið.

Af hálfu M er atvikum lýst með þeim hætti að hann hafi verið fenginn að til að athuga með stöðuna á olíu fyrir vörubíla. Til þess að geta framkvæmt verkið hafi hann þurft að losa járnhlemm á plani stöðvarinnar. Kveðst M aldrei hafa unnið verkið áður en segir að reynslumeyri starfsmaður bensinstöðvarinnar hafi átt að leiðbeina honum við verkið. Hafi starfsmaðurinn rétt M tvo króka til að losa hlemminn, en ekki gefið nánari fyrirmæli. M kveðst því hafa togað hlemminn beint upp, sem varð til þess að hlemmurinn datt og lenti ofan á tá hans. Eftir slysið hafi M fengið að vita að réttur verkferill hefði verið að toga í hlemminn og draga meðfram jörðinni. Þannig telur M að slysið verði rakið til þess að ekki var gætt nægilega að verkstjórn, leiðbeiningum og öryggis og aðbúnaðar á vinnustaðnum. Á þeim grundvelli krefst M bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V hafnar greiðsluskyldu m.a. með vísan til þess að M hafi fengið leiðbeiningar frá starfsmanni um hvernig ætti að vinna verkið og að hann hafi vitað tveir starfsmenn ættu að lyfta hlemmnum í sameiningu. Samstarfsmaður M hafi sagt honum að þau myndu vinna verkið í sameiningu en hann hafi þrátt fyrir það „rokið til“ og sinnt verkinu einsamall með fyrrgreindum afleiðingum.

Álit.

Eins og fyrr getur var slysið ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en nokkru eftir að slysið bar að. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Þar sem þeirri lagaskyldu var ekki gætt af hálfu A og með hliðsjón af fjölmörgum dómafordæmum, verður að leggja frásögn M til grundvallar varðandi tildrög slyssins og annað sem óljóst kann að vera og þýðingu getur haft varðandi ábyrgð A á slysinu nema A sýni fram á hið gagnstæða.

M telur að slysið verði aðallega rakið til ófullnægjandi verkstjórnar á verkstað og að A hafi ekki tryggt að M fengi tilsögn varðandi rétta líkamsbeitingu, kennslu í réttri notkun hjálpartækja og upplýsingar um þá áhættu sem felst í því að vinna verkin með röngum hætti. Með því hafi A brotið gegn 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 499/1994. Ekki hefur verið sýnt fram á með sannanlegum hætti að tildrög slyssins hafi verið á annan veg en M hefur lýst. Af því leiðir að A ber skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Ekki eru efni til að skerða rétt M til bóta vegna stórkostlegs gáleysis af hans hálfu, sbr. 23. gr. a skaðabotalaga nr. 50/1993, með síðari breytingum. M á því rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 24. september 2019.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.